

Blönduósi.

22.11.2023

Efni. Athugasemdir við þingskjal 306 – 149 mál

Um breytingu á vopnalögum nr.16/1998

Ýmislegt jákvætt í þessu frumvarpi.

Ég sakna þess að sjá ekki tekið á hlutum með afdráttarlausari hætti, of víða vísað til heimilda og reglugerðasetningar ráðherra sem einmitt er stærsti galli núverandi vopnalaga að mínu mati.

Þetta bíður upp á mismunandi túlkanir milli embætta og starfandi ráðherra hverju sinni.

Sem dæmi má taka að í dag er einu skotíþróttafélagi hérlendis óheimilt að bjóða upp á kynningar á starfsemi sinni og hópamóttökum vegna túlkunar lögregluembættis í viðkomandi umdæmi, meðan önnur skotíþróttafélög geta óhindrað sinnt hópamóttökum, verið með kynningar og opna daga.

Þetta er óviðunandi og þarf að koma í veg fyrir í nýjum lögum.

Einnig sakna ég þess að sjá ekki breytingar á lágmarksaldri við æfingar og keppni í skotíþróttum.

Í löndunum í kringum okkur Noregi, Svíþjóð og Danmörku eru engar kröfur um lágmarksaldur iðkenda sem stunda æfingar hjá skotíþróttafélögum, sem veldur því að okkar íþróttafólk sem ekki má hefja æfingar fyrr en á sextánda ári stendur keppendum nágrannaþjóðanna í unglingsaflokki langt að baki.

Þessu þarf að breyta.

Ég myndi ráðleggja breytingu á lágmarksaldri hérlendis (**æfingar á viðurkenndu skotsvæði undir leiðsögn**) sem hér segir.

10 ár fyrir æfingar með loftriffla og riffla í randkveiktum kaliberum.

12 ár fyrir haglabyssur 12Ga eða minni.

Þess má geta þess að á hinum norðurlöndunum hefur skotfimi verið nýtt til þjálfunar á einbeitingu barna og unglinga með ADHD með góðum árangri.

<https://www.skyttesport.se/media/h51nougmsvsfs-riktlinjer-for-barn-och-ungdomsskytte.pdf>

<https://www.skyttesport.se/foerening/abc-foer-foereningar/barn-och-ungdomsverksamhet/>

Undirritaður er skotíþróttamaður, Skotíþróttahjálfari (ISSF D-Licence, ÍSÍ 1.stig) og stjórnarmaður í skotíþróttafélagi.

Virðingarfyllst
Guðmann Jónasson